

MÁR JÓNSSON

## Lausamenskutilskipunin 1783

### Tilurð og texti

Tilskipun um lausamenn frá 19. febrúar 1783 hefur mátt þola ýmis hrakyrði. Hún fól í sér „illa þokkaðar hömlur á frelsi manna“ og íslensk alþýða var „svift gömlum frelsisrétti“, sögðu þeir Einar Laxness og Sverrir Kristjánsson.<sup>1</sup> Þessi „harðýðgislega“ tilskipun „lagði hinar mestu hömlur á atvinnu- og bjargráða-frelsi manna“ og svipti „hinn fjölmenna hóp búleysingja á Íslandi ... valdi yfir eigin persónu og vinnu“, útskýrði Guðmundur Jónsson.<sup>2</sup> Gísli Gunnarsson eignaði bændum frumkvæði að því „að banna tilvist lausamanna“ og fullyrta að nú hefði „stétt frjálsra verkamanna“ verið lögð niður.<sup>3</sup> Ekkert af þessu stenst skoðun og verða færð rök fyrir því í þessari grein að tilskipunin hafi litlu breytt miðað við gildandi lög, heldur hafi hún fyrst og fremst verið liður í því að styrkja embætti sýslumanna og auðvelda þeim að takast á við meinta óreiðu í samfélaginu. Í greinarlok verður lögð fram sú tilgáta að ekki hafi að nokkru marki verið reynt að fylgja skipuninni eftir og fyrir vikið hafi hún haft hverfandi áhrif á íslenskt samfélag eða efnahagskerfi. Þar er þó vitaskuld frekari rannsókna þörf sem væri vert að tengja við sagnaritun um svonefnt vistarband. Hér verður einungis rakið hvernig tilskipunin um lausamenn varð til og athugað hvaða textar þjuggu að baki, að því ógleymdu hvert vandamálið taldist vera sem hún átti að leysa. Hver

<sup>1</sup> Sverrir Kristjánsson og Tómas Guðmundsson, *Mannlífsmyndir. Íslenzkir örlagaþettir*, Reykjavík: Fróði, 1969, bls. 115; Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö III*, Reykjavík, 1995, bls. 131.

<sup>2</sup> Guðmundur Jónsson, *Vinnufólk á Íslandi*, Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 1981, bls. 19, 61; sami, „Stjórntæki gamla samfélagsins aflögð. Hundrað ár frá leysingu vistarbandsins“, *Ný saga* 6/1993, bls. 64–69, hér bls. 64.

<sup>3</sup> Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísland. Einokunarverslunin og íslenskt samfélag 1602–1787*, Reykjavík: Örn og Örlygur, 1987, bls. 33–34.



Ritid

1. töl. 24. árg. 2024 (7-56)  
Ritrynd grein

© 2024 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundar greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.  
Tengiliður: [ritid@hi.is](mailto:ritid@hi.is)

DOI: 10.33112/ritid.24.1.2  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

byrjaði? Hvernig þróaðist hugmyndin og hverjir sömdu textann? Hverjar voru heimildirnar? Hvert var svo markmiðið eða með öðrum orðum vilji löggjafans? Hvað breyttist? Í viðauka fylgir tilskipunin á dönsku eftir frumriti með innsigli konungs og í tveimur samtíðarþýðingum á íslensku. Jafnframt eru þar bréfaskipti og athugasgreinar sem leiddu til þess að textinn er sá sem hann er, svo lesendur geti lagt eigið mat á málefnið. Lög hvorki vaxa á trjám né falla af himnum og Harald Gustafsson hitti naglann á höfuðið þegar hann árið 1985 sagði um lausamenskutilskipunina: „Beslutsprocessen i detta ärende är inte utredd“ og „vi inte vet varifrån initiativet kom just 1783.“<sup>4</sup> Í raun sætir það furðu miðað við það hversu mikið hefur verið gert úr afleiðingum textans, en á því hefur nú verið ráðin bót.

### *Lausamenskuskilyrðið*

Í formála tilskipunar 19. febrúar 1783 er vísað til húsagatilskipunar 3. júní 1746 og tekið fram að ekki einu sinni lausamenn sem hún leyfi megi starfa sem slíkir. Ekki var haft fyrir því að útskýra þetta en lesendur og áheyrendur hafa áttað sig á því að ekki gildi lengur lágmarkseign fyrir lausamennsku sem þar er tilgreind. Textinn frá 1746 er svona á íslensku og dönsku:

Hvör sem vill vera lausamaður að heilu eða hálfu, hann skal eiga í það minnsta 10 hundruð tíundar verð, hvar af hann betalar skatt og skyldur eftir lögum, og engri yfirvaldspersónu skal vera leyfilegt hér eftir, hvörki fyrir bæn eður gáfur, að láta vera nokkurn lausamann sem minna á til, ef hann ekki þar fyrir vill álitast sem vorra mandatets yfirtroðari.<sup>5</sup>

Enhver som vil være en saa kaldet lösemand, heel eller halv, skal eie i det mindste 10 hundrede i tiende værdie, hvoraf hand betaler skat og skyld efter loven, og ingen övrighedsperson skal det herefter være tilladt, enten for bön eller gaver, at lade nogen være lösemand der

<sup>4</sup> Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge. Ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island*, Stokkhólmi: Almqvist & Wiksell, 1985, bls. 160–161.

<sup>5</sup> *Alþingisbækur XIII*, bls. 571. Tilskipunin var prentuð og send um allt land; sjá eintök frá 1746 og 1749 á vefnum [baekur.is](http://baekur.is), sótt 22. mars 2024 af [http://baekur.is/bok/7f11ef6d-d278-4727-8d4e-fe7d34975c8b/0/1/Tilskipan\\_um\\_husagann\\_a#page/n0/%20mode/%202up](http://baekur.is/bok/7f11ef6d-d278-4727-8d4e-fe7d34975c8b/0/1/Tilskipan_um_husagann_a#page/n0/%20mode/%202up) og [https://baekur.is/bok/c3894d13-9062-4ce7-a7fb-f98e5ab6f91d/0/1/Tilskipan\\_um\\_husagann\\_a#page/n0/mode/2up](https://baekur.is/bok/c3894d13-9062-4ce7-a7fb-f98e5ab6f91d/0/1/Tilskipan_um_husagann_a#page/n0/mode/2up).

eier mindre, hvis hand ikke derfor ville ansees som vores mandaters overtræder.<sup>6</sup>

Húsagatilskipunin var ein af mörgum sem Ludvig Harboe lagði drög að í lok Íslandsdvalar sinnar. Til er ódagsett frumvarp, vafalaust skrifað í kirkjustjórnarráðuneyti eftir hugmyndum hans – og hann lagfærði, þá staddur í Kaupmannahöfn. Orðalag er eins, nema lokaorðin: „hvis hand ikke derfor ville staae under tiltale.“<sup>7</sup> Ekki segir fleira af lausamönnum í þessari tilskipun en undir liggja hugmyndir sem höfðu verið viðraðar áratugina á undan, jafnt af hálfu danskra sem íslenskra ráðamanna. Vorið 1684 hafði konungur til dæmis heyrt að brögð væru að því að fullfrískir Íslendingar – „friske og føre folk i landet“ – færu um betlandi og bað nýskipaðan landfógeta að ræða við biskupa, lögmenn og sýslumenn um það hvernig mætti stöðva slíkt og setja fólk til vinnu, svo það eyddi ekki tíma sínum til einskis. Eins fullyrti Peder Raben stiftamtmaður sumarið 1720 að háski stafaði „af margra manna ólöglegri lausamennsku, item óhlýðni vinnuhjúa, svo vel sem lausgöngurum og betleri.“<sup>8</sup> Hér birtast viðhorf sem ekki voru óalgeng á 17. öld og Helgi Þorláksson hefur rakið. Þá voru lausamenn allmargir og sinntu útgerð og viðskiptum, segir hann, en þeim fækkaði eftir 1690 vegna aflabrests og almennra harðinda.<sup>9</sup>

Um það tímabil mætti ræða í löngu máli – og ekki síður manntalið 1703 – en hér hæfir að byrja á frumvarpi að lögregluskipan eða landsagaskipan sem lögmenn og sýslumenn að ósk Rabens og Nielsar Fuhrmanns amtmanns tóku saman á alþingi sumarið 1720. Þeir gerðu skýran greinarmun á lausamönnum og lausgöngurum en bættu líka hugtakinu „prökkurum“ við. Lausamenn urðu að eiga lágmarkseign: „Öllum þeim mönnum sem ekki eiga tíu hundruð tíundarvirð sé með öllu fyrirboðin lausamennska.“ Í þessum hundruðum átti til sjávar að vera mjólkandi fé að andvirði 3 hundraða, þannig að hægt yrði ef nauðsyn krefði að setja lausamanninn niður sem bónda „á eitthvert það lögbýli sem háski liggur við að eyðileggist vegna manneklu.“ Til sveita þurfti lausamaður að eiga

<sup>6</sup> *Lovsamling for Island II*, bls. 613.

<sup>7</sup> Þjóðskjalasafn Íslands (*ÞÍ*), Skjalasafn kirkjustjórnarráðs 5: 3. júní 1746.

<sup>8</sup> *Lovsamling for Island I*, bls. 415; *Alþingisbækur X*, bls. 558.

<sup>9</sup> Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VII*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag, 2004, bls. 43–46. Um enn eldri ákvæði, sjá: Guðbrandur Jónsson, *Friðst verkafólk á Íslandi fram til siðaskifta og kjör þess*, Reykjavík: Bókmenntafélag jafnaðarmanna, 1932–1934, bls. 144–145, 150–157; Þorkell Jóhannesson, *Die Stellung der freien Arbeiter in Island bis zur Mitte des 16. Jahrhunderts*, Reykjavík og Kaupmannahöfn: E.P. Briem og Levin & Munksgaard, 1933, bls. 168–175; Valdimar Gunnarsson, „Utangarðsmenn í einhæfu samfélagi. Lausamenn og búðsetumenn fram til miðrar 16. aldar“, *Sagnir* 2/1981, bls. 44–52.

5 hundruð í málnytu „upp á það að alltið sé hann megandi til að gjörast bóndi, þá nauðsyn krefur.“ Eins var tekið fram að þá aðeins var maður „að lögum laus ef hann hér með geldur árlega skatta og skyldur kóngi og kirkju, presti og fátækum.“<sup>10</sup> Lausamenn urðu með öðrum orðum að vera efnamenn sem gátu skipt yfir í búskap án fyrirvara.

Að lokinni útfærslu á því hver atvinnuskilyrði og kjör slíkra löglegra lausamanna áttu að vera var afdráttarlaust kveðið á um að menn sem ekki áttu tilskildar eignir en þóttust engu að síður vera í lausamennsku yrðu settir „í stokk eða hespu upp á vatn og fisk þrjú dægur.“ Vildi slíkur maður eftir ítrekaða refsingu ekki „leiðréttast“ taldist hann vera „þverskallaður lausgangari“ (561). Skilgreining fylgir: „Þeir heita lausgangarar sem ekki mega að lögum lausir vera en hafa sig hvergi ráðið í löglega tveggja missera vist.“ Með tafarlausri vistráðningu gátu menn komist undan refsingu, en héldu þeir uppteknum hætti í „sinni ólöglegu lausamennsku“ mátti taka aflafé þeirra upp til jafnra skipta á milli konungs og bændra (566). Enn verri voru svo „prakkarar“ eða „landhlauparar“ sem fóru á milli sveita, héraða eða fjórðunga og „þjóna um stund hér eður þar, nú einn dag, eina viku, kannski mánuð það sem lengst er.“ Þess á milli betluðu þeir með frekju og hótunum: „Slíkir allir skulu strax gripnir verða, hvar sem þeir hittast, og settir í járn á heimili sýslumanns.“ Ítrasta refsing var þriggja ára vist á Brimarrhólmi (567) eða Spinnhúsinu ætti kona í hlut (569). Þetta áttu reyndar lausgangarar á hættu líka sem þrjóskudust við. Á héraðsþingum vor og haust skyldu sýslumenn og hreppstjórar spyrjast fyrir um það „hvar slíkir menn eru að finna“ og má ráða af samhengi að átt er við lausgangara og prakkara, en alls ekki löglega lausamenn (567).

Ákvæði húsatilskipunar um lágmarkseign sem forsendu fyrir lausamennsku var ugglaustr sótt í frumvarpið frá 1720. Lausamennska var á þessum árum – líkt og á 17. öld – viðurkennd atvinnustarfsemi manna sem hvorki stunduðu búskap né voru í vist en gátu sýnt fram á nægar eignir til að vera á eigin vegum, auk þess sem þeir greiddu opinber gjöld. Jafnvel er gert ráð fyrir hálfu starfi í lausamennsku og þá væntanlega hálfu í vinnumennsku. Lausamennska var með öðrum orðum hvorki lausagangur né flakk. Þessu þrennu blandar Helga Hlín Bjarnadóttir saman þegar hún segir: „Illt orðspor fór af lausamönnum og þeir voru ekki samfélaginu til hagsbóta að mati yfirvalda. ... Ýmsar hömlur og lagaákvæði áttu að stemma stigu við þessari plágu.“ Það sama gerir Vilhelm Vilhelmsson þegar hann segir að lausamenn hafi um aldabil talist „morally deficient, socially suspicious and prone to criminality.“<sup>11</sup> Það sem þau segja á einungis

<sup>10</sup> *Alþingisbækur* X, bls. 559. Blaðsíðutal framvegis í meginmáli.

<sup>11</sup> Helga Hlín Bjarnadóttir, „Húsagi og landsagi á 18. öld. Landsagatilskipun Þorkels Fjeldsteds frá 1771“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* V, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 2020,

við um lausgangara og í einhverjum mæli „ólöglega“ lausamenn sem yfirvöld ömuðust við af því þeir áttu ekki nóg en vildu vinna fyrir sér á eigin forsendum, þrátt fyrir fátækt. Sú opinbera umræða sem Helga Hlín og Vilhelm vísa til – og aðrir fræðimenn sem nefndir voru hér að framan – varðaði þessa tvo hópa en ekki löglega lausamenn. Enginn amaðist við þeim.

Þegar Johan Haagen kaupmaður, nýráðinn eftirlitsmaður með fiskveiðum á Íslandi, hafði 2. apríl 1763 talið 152 lausamenn upp úr manntalsskrám presta (og af þeim níu konur) fór hann hörðum orðum um iðjuleysingja sem væru landinu til tjóns með svikum, braski og prettum: „leedige mandspersoner, som ei forretter noget til landets nytte, men snarere til skade, ved landprang og andre unyttige handeler.“ Hann spurði í beinu framhaldi hvort ekki væri rétt að banna lausamennsku og gera slíkum mönnum heldur að byggja eyðijarðir eða hjáleigur, sem yrði landinu til gagns.<sup>12</sup> Magnús Gíslason amtmaður svaraði þessu í bréfi til rentukammes 6. ágúst með því að útskýra muninn á lausamönnum og lausgöngurum, nefnilega að hinir fyrrnefndu væru löglegir en þeir síðarnefndu alls ekki liðnir: „at de førstbemeldte kand ansees *sui juris*, men de sidste ikke tolereres.“ Ekki vissi hann hversu margir af hinum 152 væru lausamenn að réttum skilningi en fullyrti að flestir væru þeir við sjómennsku og margir á bátum konungs, svo ekki væri hægt að saka þá um iðjuleysi eða segja að þeir gerðu ekkert gagn: „saa de kand ikke beskyldes for lediggængere, der intet forrette til landets nytte.“ Margir þeirra sinntu fátækum eða veikum ættingjum sínum og langt væri síðan nokkur maður hefði orðið uppvis að landþrangi, þótt spurt væri eftir slíku á manntalsþingum ár hvert.<sup>13</sup>

### *Landsnefndin fyrir*

Á þessum árum – líkt og fyrr – var hart tekið á lausgöngurum og undrast má að aldrei er í dómum tekið fram eftir hverju var dæmt. Árið 1768 fékk Sigríður Gísladóttir fjögurra ára fangelsi fyrir „lausgængerie og strokur úr vistum“, enda hafði hún „ekki í þeim vistum unað sem hún hefur verið í sett.“ Málið var að

---

bls. 61; Vilhelm Vilhelmsson, „Contested households. Lodgers, labour, and the law in rural Iceland in the early 19th century“, *Scandinavian Journal of History* 2023, bls. 6.

<sup>12</sup> ÞÍ. Rtk. B/2, 20. Fylgiskjöl með Islands Journal B, nr. 1785; Rtk. A/2. Islands Journal B (1759–1771), nr. 1785.

<sup>13</sup> ÞÍ. Rtk. B/2, 21. Fylgiskjöl með Islands Journal B, nr. 1924; Rtk. A/2. Islands Journal B (1759–1771), nr. 1924; Amtm. A/16. Bréfabók 1762–1764, bls. 310. Um þessa umræðu og manntalið 1762, sjá: Kristrún Halla Helgadóttir, *Fjögur manntöl frá 18. öld. Aðdragandi og greining manntalanna 1729, 1735, 1753 og 1762*, MA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2016, bls. 125.

jafnvel þótt hún hefði boðið sig til vistar og kynni „allvel til vinnu“ þá vildu engir taka hana í vist „sem hennar ásigkomulag og opförsel þekktu.“ Eins var Jón Sigmundsson dæmdur í tugthús sem hafði verið „lausgangari og hnuplari“ síðustu fjögur ár á undan og „hvergi vist fengið.“<sup>14</sup> Löglegir lausamenn voru hafnir yfir svona nokkuð, sem störfuðu á eigin vegum og höfðu í sig og á. Orðalag húsagatilskipunar bendir reyndar til þess að höfundar hennar hafi allt eins gert ráð fyrir því að sýslumenn ættu til að líta í gegnum fingur sér um eignirnar og leyfa mönnum að vera í lausamennsku þótt þeir ættu eitthvað minna en tíu hundruð. Í einhverjum tilvikum hefur sannfæringarkraftur og sjálsagt sambönd eða vinfengi innan sveitar veitt mönnum svigrúm til launavinnu utan vistarskyldu og búskapar. Þarna var grátt svæði, ef svo má segja, og í álitsgerðum sem bárust landsnefndinni fyrri árin 1770 og 1771 birtist einmitt það viðhorf að gildandi fyrirkomulag um lágmarkseign sé í góðu lagi en vandinn sá að svo margir fóru í kringum ákvæðið ... eiginlega allir!

Í bréfi til amtmanns norðan og austan 5. júlí 1770 óskaði landsnefndin eftir skrá yfir „saakaldede lösemænd og inderster eller husmænd“ sem gætu farið til fiskveiða – með öðrum orðum yfir vinnufæra karla sem ekki voru í vinnumennsku eða við búskap.<sup>15</sup> Þessu var ekki sinnt en sumir bréfritaranna gerðu fjölda eða öllu heldur fæð lausamanna að umtalsefni. Þannig sendi Guðmundur Runólfsson sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu skrá yfir kvikfé og báta 10. júlí 1770 en nefndi í leiðinni að í sýslunni væru 265 ómagar og að endingu: „Lausafólk, löglegt og mest án laga 27“ (III, 99; sbr. 106). Bjarni Halldórsson sýslumaður Húnavatnssýslu útskýrði 30. október 1770 að lausamenn væru „saa got som ingen“ í sýslunni, en einhverjir þó sem „practicere sig til hemmelig“ og vonlaust væri að góma (III, 434). Jón Benediktsson sýslumaður Þingeyjarsýslu tók fram 3. apríl 1771 að honum vitanlega væru ekki „lösemænd“ eða „inderster“ í sýslunni (III, 471) og Jón Jakobsson í Eyjafjarðarsýslu skrifaði 28. júní að ekki væru lausamenn í umdæmi hans fyrir utan nokkra gamla og fátæka karla sem enginn vildi ráða í vist (III, 463). Hreppstjórar á Akranesi létu þess getið 11. maí að bændur sem borguðu skatta væru ekki fleiri en átta og lausamenn þrír (I, 321).

Alvöru lausamenn voru með öðrum orðum afskaplega fáir en vandinn sá að talsvert fleiri voru í ólöglegri lausamennsku og villtu á sér heimildir. Í greinargerð sem landsnefndin fékk 26. febrúar 1771 orða hreppstjórar í Miðfirði þetta vel: „Svo tekur síður að verða að margir ógiftir og einhleypir karlmenn vilja ei í vistum þjóna heldur lausamenn vera, sumir að öllu, sumir að hálfu, en eiga þó

<sup>14</sup> *Allþingisbækur* XV, bls. 77, 81–82, 104.

<sup>15</sup> *Landsnefndin fyrri* V, bls. 159. Bindis- og blaðsíðutal framvegis í meginmáli.

eigi fé að helmingi við það sem sá skal eiga sem laus er að lögum.“ Þeir vildu að slíkir menn yrðu „skikkaðir í vistir“ (I, 365). Þórður Brynjólfsson hreppstjóri í Akrahreppi í Skagafirði vildi 14. mars „að sem fæstir fengi að vera lausamenn, utan með svo móti þeir mætti það löglega vera“ (I, 461). Þannig mætti lengur telja og 17. maí voru bændur á Höfðaströnd enn harðorðari: „sá ósiður gengur ríkt yfir að nær hvör auminginn keppist eftir að brjótast úr þjónustu bændanna og vilja kallast lausamenn, jafnvel þótt þeir eigi varla til dags eða nætur“ (I, 500). Hér er ekki amast við lausamönnum sem slíkum heldur mönnum sem gáfu sig út fyrir að vera lausamenn en uppfylltu ekki skilyrði húsagatilskipunar. Vafalaust gætir fordóma í fullyrðingum hreppstjóranna og margir hinna ólöglegu lausamanna voru áreiðanlega vel vinnandi, en aðrir sjálfsagt nær því að vera það sem í frumvarpinu 1720 kölluðust lausgangarar. Allir voru þó lagðir að jöfnu – eða eins og Guðmundur Jónsson hefur útskýrt: „Lausamennska var oft höfð að skálkaskjólí af betlurum, flökkurum og iðjuleysingjum á öldum áður og beindist aðför stjórnvalda að lausamönnum ekki síst að því að uppræta þessa hópa.“<sup>16</sup>

Prestar sem gerðu lausamennsku að umræðuefni tóku ýmist í sama streng og hreppstjórar eða voru enn harðari í afstöðu sinni. Þannig fullyrti séra Guðlaugur Þorgeirsson í Görðum á Álftanesi 1. maí 1771 að ein afleiðing af sjálf-ræði vinnufólks væri að vinnumenn vildu gerast eigin herrar eða með öðrum orðum lausamenn, þvert á lög. Fjöldi slíkra manna væri við sjávarsíðuna í sýslunni sem ekki greiddu opinber gjöld. Engu að síður studdi hann gildandi lög: „ingen burdte at være en heel lösemand, med mindre han tiendede 10 hundrede og skattede til kongen“ (II, 184). Prestar í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu voru á sama máli 12. ágúst 1771: „Lausamenn virðast oss ekki nema sveitum og bændum til þyngsla, svo lengi nokkur í sveitinni þarf við þeirra þjónustu.“ Þeir sem höfðu „nokkra virkilega orsök til soddan lausamennsku“ ættu hins vegar að greiða skatta og skyldur af sinni 10 hundraða eign, ekki síður en bændur (II, 294). Öllu róttækari var séra Eiríkur Guðmundsson á Stað í Hrútafirði sem 20. desember 1770 vildi algjört bann: „Hvörs vegna óskandi er að soddan sjálfræði þess háttar manna ... mætti öldungis afskaffast og þeim alvarlega tilhaldast að þjóna í vistum hjá búendum“ (II, 363–364). Séra Ólafur Brynjólfsson í Görðum á Akranesi var heldur ekki í vafa 1. ágúst 1771 og hafði aukin rök: „Að ekki líðist lausamennska einhleypum mönnum, hvörki að heilu né hálfu, landinu til fordjörfunar“ (II, 229).

Brynjólfur Sigurðsson sýslumaður Árnessýslu tók í sama streng 28. janúar 1771: „Ingen ulovlige leedigægengere, nemlig de saakaldede lösemænd eller hus-

<sup>16</sup> Guðmundur Jónsson, „Stjórntæki gamla samfélagsins aflögð“, bls. 64.

mænd, skulde her i landet tolereres, men anvises til beboelige ödegaarder“ (III, 596). Halldór Jakobsson sýslumaður Strandasýslu lét aftur á móti duga 6. maí sama ár að benda á að jafnvel þótt húsagatilskipunin bannaði lausamennsku ef menn ekki áttu 10 hundruð væri öllum ljóst „að soddan er ei svo nákvæmlega í akt tekið sem skyldi.“ Hann nefndi sérstaklega menn sem eignuðust börn utan hjónabands og þættust síðan þurfa að vera í lausamennsku til að sjá fyrir þeim (III, 400). Í greinargerð sem nefndin fékk 31. maí 1771 kvaðst Magnús Ketilsson sýslumaður Dalasýslu ekki vita hversu margir ólöglegir lausamenn væru í umdæminu. Aðeins einn lausamaður hafði greitt skatt þetta árið og bændur vildu ekki ráða hann í vist. Nokkrir voru þeir sem ekki voru vistráðnir og bændur tækju gjarnan í vinnumennsku, væru þeir einir, en flestir hefðu einhvern á framfæri sínu svo það gekk ekki (III, 223). Húsagatilskipunin, útskýrði Magnús, nefni 10 hundruð sem lágmarkseign en setji enga refsingu við ólöglegri lausamennsku. Fyrir vikið var ekki einfalt að taka á slíkum málum, auk þess sem það gat reynst flókið að skera úr um það hvort menn væru löglegir eða ólöglegir (III, 358–359). Næstu árin lét Magnús mjög til sín taka um þetta atriði, svo sem síðar greinir.

Ekki voru lögmenn alveg sammála heldur. Jón Ólafsson varalögmaður var á því 23. nóvember 1770 að jafnvel þótt þeir borguðu skatt ættu „saakaldede lösemænd“ heldur að taka til ábylris jarðir eða jarðarparta, enda valdi þeir hækkun launa sem skaði bændur og hindri umbætur í landinu (IV, 151). Magnús Ólafsson lögmaður var 18. júní 1771 aðeins andsnúinn lausamönnum sem fengju fé hjá foreldrum sínum og vildu síðan vera lausir, nokkuð sem mikil brögð væru að: „hvoraf nu om stunder gives en utrolig mængde“ (IV, 234–235). Björn Markússon tók málið fastari tókum og fullyrti 23. desember 1770 að þegar reynt væri að skylda menn í vistir sem ekki áttu tilskilda lágmarkseign hlupu þeir til sjávar, en kæmu aftur í heyskapinn og heimtuðu hátt kaup (IV, 167). Hann gerði sér lítið fyrir og samdi drög að tilskipun um landsaga sem landsnefndin fékk 26. mars 1771. Þau hefjast á banni við lausamennsku og skyldi setja hina efnameiri úr þeim hópi til búskapar en þá efnaminni í vinnumennsku:

Ingen, som er af almue- eller bondestand, enten hand er riig eller fattig, maae tillades at være saakaldet lösemænd, saa længe der ere nogle öde eller ubeboede jorder til i det syssel, hand opholder sig i, eller bönderne har tjenestefolk behov. De af dem, som have formue og god evne, skal af sysselmanden skikkes til at antage til beboelse de jorder som ere öde i syselet, men de fattigere skal skikke i tjeneste hos de bönder som behöve tjenestefolk.



Ef menn hunsuðu þetta misstu þeir aflafé og ef þeir þrjóskuðust enn við yrði þeim refsað sem lausgöngurum – og greinilegt er að hér hefur hann litið til frumvarpsins frá 1720. Björn gerði sér fulla grein fyrir því að svo gæti farið að ekki fengjust eyðijarðir eða að bændur vantaði ekki vinnumenn. Þá máttu lausamenn „som ere tilovers i det aar“ vinna fyrir sér gegn því að bjóða sig til vistar árlega þar til úr rättist (IV, 209–210). Vafalaust átti þetta að gilda um jarðnæðið líka og þarna var smuga sem ekki valt á vilja lausamannsins heldur á aðstæðum þar sem hann bjó. Björn tók fram að til lausamanna teldust ekki embættismenn eða auðugt fólk sem lifði af eignum sínum, handverksfólk, stúdentar og lærðir menn (212). Lausgangarana átti að koma fyrir í vist eða setja í fangelsi að öðrum kosti. Ef þeir að fangavist lokinni létu ekki segjast átti að loka þá inni aftur og jafnvel til lífstíðar (IV, 213).

Á fundi 23. apríl 1771 tók landsnefndin undir það sjónarmið að í sveitum þar sem jarðir eða hjáleigur voru á lausu til ábylis eða eyðijarðir mætti enginn „sakaldet lovlig lösemand“ vera „uden at antage en af delene til at beboe.“ Vildi hann það ekki yrði hann að ráða sig í vist (V, 261; sbr. 667). Einn nefndarmanna, Þorkell Fjeldsted, þritugur að aldri og nýráðinn lögmaður í Færeyjum, tók sig nú til og samdi uppkast að „politi- og landforordning“ sem var skráð inn 3. ágúst 1771 (V, 333).<sup>17</sup> Að einhverju leyti tók hann mið af frumvarpi Björns Markússonar og hér segir um lausamenn:

Ingen bondekarl, som bondearbeid forretter og forstaaer, uaget han ejer jord eller lösöre, maa her efter være lösemand eller opholde sig ved at rejse igjennem landet og leje bönderne sin sommertjeniste samt fiske for sig selv om vinterne. Alle sliige folk skulle, 6 maaneder efter at denne forordning er oplæste paa mantalstingene, enten tage aarstjeniste hos bönder og boende folk eller bygsle gaarder, gaardsparter eller hjalejer eller optage ödejorder, hvorved de kan af boeskab og böndernæring ernære sig.

Lausamennska var samkvæmt þessu alfarið bönnuð og valkostirnir tveir. Kæmi á daginn að menn hefðu hvorki ráðið sig í vist né hafið búskap eða valið sér eyðijörð átti að boða þá til næsta manntalsþings og sýslumaður spyrja um ástæður óhlýðninnar: „aarsagen til deres overhøirighed.“ Segðust þeir hafa boðið sig fram í vinnumennsku og enginn þurft á þeim að halda áttu þeir að sanna það,

<sup>17</sup> Helga Hlín Bjarnadóttir, „Húsagi og landsagi á 18. öld“, bls. 55–56; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, bls. 150–152.

en sýslumaður og hreppstjóri í beinu framhaldi að freista þess að útvega þeim vist eða jarðnæði. Gætu þeir ekki fært sönnur á viðleitni sína töldust þeir vera lausgangarar og yrðu sviptir öllu lausafé (V, 359–360). Efnafólk var undanþegið og allir sem höfðu numið handverk. Með öðrum orðum áttu reglurnar ekki að gilda um alla landsmenn. Þorkell skilgreindi annars lausgangara sem „arbeitsföre almuefolk, fruentimmer saavel som mandfolk, der opholder sig paa sin egen haand eller löber fra et stæd til andet, uden at tjene i aastjeniste eller benytte sig af jordbrug“ (361). Slíkt fólk var lagt að jöfnu við flakkara og betlara sem sýslumenn áttu að taka til yfirheyrslu og gera afturreka nema vistráðning stæði fyrir dyrum (362). Eina smugan var nú að fá ekki vist eða jörð og eignastaðan skipti engu máli. Til þess að stöðva ólöglega lausamennsku var lögleg lausamennska bönnuð.

Óvissa í dönskum stjórnámálum næstu árin varð þess valdandi að frumvarp Þorkels var ekki rætt frekar fyrr en 8. apríl 1775 að rentukammer bað Thodal stiftamtmannt um að útvega álit æðstu manna á Íslandi. Þann 30. ágúst höfðu borist svör frá Ólafi Stefánssyni amtmanni og þeim lögmonnum Birni Markús-syni og Magnúsi Ólafssyni. Ónafngreindir sýslumenn höfðu lofað athugasemdum en ekki staðið við það. Tveimur árum síðar sendu Thodal og Ólafur svo álit átta embættismanna sem rentukammer fékk 16. september 1777. Björn og Magnús voru mættir sem fyrr en líka Sveinn Sölvason og Jón Ólafsson, auk fjögurra sýslumanna, þeirra Þorsteins Magnússonar, Davíðs Scheving, Vigfúsar Scheving og Péturs Þorsteinssonar.<sup>18</sup> Ólafur hafði sjálfur ekki nefnt lausamenn í álitserð til landsnefndar 20. mars 1771, þar sem hann þó fagnaði áformi um nýja lögbók og landsagaskipan sem myndi fjalla um skyldur barna og foreldra, vinnufólks og bænda, en jafnframt taka hart á betlurum og lausgöngurum „som ere landet til stoer skade og udarmelse“ (IV, 541). Nú töldu þeir Thodal að við skipan Þorkels væri fátt að athuga og þeir nefna ekki lausamennskuákvæði hennar (V, 408). Stiftamtmaður jók því þó við frá eigin brjósti að lausamenn væru heldur til ógagns en gagns, enda vildu þeir ekki vinna fyrir sér með heiðarlegum hætti (V, 622).

Tveir lögmannna voru ekki jafn sannfærðir. Sveinn Sölvason benti á að lausamenn væru nauðsynlegir í heyskap en líka við fiskveiðar, svo sem á fiskiskútum samtímans. Hann var hliðhollur lágmarkseign og vildi helminga upphæðina: „ingen burde tillades at være løsemand, medmindre han eyer saadan gods eller midler, som effter lovlig taxation kunde belöbe sig til 5 hndr. paa landsviis udi nyttige öre, at deraf kan ifölge loven betales skat eller løsemandstold“ (V,

<sup>18</sup> Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, bls. 154–156.

518). Hann gerði engar athugasemdir við refsingu lausgangara og prakkara (519). Magnús Ólafsson varaði við því að banna lausamennsku: „Nu strax at afskaffe uden forskjel alle lösemænd, holder jeg betænkeligt.“ Hann var sáttur við gildandi lög og benti á aldraða og efnaða lausamenn, einkum við sjávarsíðuna, sem ekki gætu farið í vist eða byrjað í búskap en stunduðu kraftmikla útgerð og greiddu sín gjöld. Það yrði heldur ekki auðvelt fyrir hreppstjóra að útvega þeim lausamönnum jarðnæði sem ekki kærðu sig um að fara í vist. Eins voru til lausamenn sem önnuðust foreldra eða ættingja, sem ekki gengi upp á þeim launum sem fengust í vinnumennsku. Skjólstæðingarnir færu racleiðis á sveitina yrði lausamanninum refsað sem lausgangara. Lausamenn hentuðu þar að auki við skútuútgerð yfirvalda, ætti á annað borð að stunda hana áfram. Frumvarpið frá 1720 var sanngjarnt og skynsamlegt: „billig og fornuftig“ (V, 435–436). Líkt og sex árum fyrr hafði Magnús ekkert á móti boðuðum viðurlögum við lausagöngu og flakki (437–438). Lögmenn vísuðu báðir til nýhafinna tilrauna með skútuveiðar á kostnað konungs, sem héldu áfram með viðunandi árangri næstu árin. Jón Eiríksson ræddi ekki áhafnir skipanna beinlínis í úttekt 30. september 1780 en sagði þó: „Þetta er frábærlega vel hugsað og útgerð þessi gefur landsmönnum sem ráðnir eru á skipin æfingu í sjómennsku.“<sup>19</sup>

Þorkell Fjeldsted tók þessum athugasemdum vel í svari 28. maí 1778 og óskaði eftir álitu Magnúsar Ketilssonar og Skúla Magnússonar líka. Það var ekki látið eftir honum. Reyndar lagði Magnús til í ársskýrslu sinni til rentukammers þá um sumarið, 10. ágúst, að í fyrirhugaðri landsagaskipun yrði gert ráð fyrir því að frá Jónsmessu á sumri fram að slætti sinnu bændur og búalið girðingarvinnu. Í afgreiðslu rentukammers 19. nóvember – og svari til Magnúsar 1. desember – var tekið undir þetta og hann hvattur til að halda þessu að bændum á manntalsþingum. Því var honum skrifað strax, segir rentukammer, að það geti tekið nokkurn tíma áður en landsagaskipunin verði tilbúin: „kand bringes til den fuldkommenhed at den kand vorde befordret til allernaadigst authorisation.“ Þetta orðalag túlkaði Harald Gustafsson í þá veru að ekki hafi lengur staðið til að ljúka verkinu.<sup>20</sup> Þann 26. júlí 1779 sagði líka Jón Eiríksson í bréfi til Hannesar Finnssonar biskups að landsagaskipunin yrði áreiðanlega ekki að lögum, þrátt

<sup>19</sup> Jón Eiríksson, „Forspjall“, Ólafur Olavíus, *Ferðabók I*, þýðandi Steindór Steindórsson, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1964, bls. 63. Um veiðarnar, sjá: Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VII*, Reykjavík: Menningarssjóður, 1950, bls. 269–272.

<sup>20</sup> Þ.Í. Rtk. A/7. Islands Journal 4, nr. 250 (áður 31.4.); Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, bls. 159; sami, „Stjórnsýsla“, *Upplýsingin á Íslandi. Tíu rúgerðir*, ritstjóri Ingi Sigurðsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1990, bls. 57–58; sbr. Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*. Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld, Reykjavík: Sögufélag, 2017, bls. 171.

fyrir mikla vinnu, heldur myndi hún „komast undir bekkinn, eins og húsagafor-orðningin“; sem sagt dauður bókstafur! Þetta réð Jón af því að enn væri mikið kvartað undan „sjálfræði og óstýrileti vinnufólks“, jafnvel þó húsagatilskipunin hefði „þar við góðar skorður reist.“ Vandinn var að ekki hefði verið gengið nógu vandlega eftir ákvæðum hennar „af yfirvöldum og öðrum sem þar að standa.“<sup>21</sup> Það sem þó gerðist á næstu árum var að einstök atriði úr frumvarpi Þorkels voru unnin áfram, fyrst og fremst að frumkvæði sýslumanna sem blöskraði óreiða og agaleysi í íslensku samfélagi.

### *Upphitun fyrir lagasetningu*

Lausamönnum bregður fyrir í varðveittum dómabókum frá áttunda áratug aldarinnar og kerfið var einfalt. Menn máttu alveg vera í lausamennsku en urðu að greiða opinber gjöld af sinni 10 hundraða eign. Á manntalsþingi á Ásbrandsstöðum í Norður-Múlasýslu 12. maí 1770 var Pétur Guðmundsson kallaður inn vegna ummæla um „að aldrei af því yrði að hann betalaði sínar þingskyldur svo sem lausamaður fyrir þetta ár.“ Sýslumaður skildi þetta sem hótun um að borga ekki neitt en Pétur útskýrði orð sín á þann veg að til greina hefði komið að hann flyttist í aðra sýslu – og hét því að standa í skilum.<sup>22</sup> Tveimur vikum fyrr, 28. apríl, hafði Jóni Þorlákssyni lausamanni að Sigtúninum í Eyjafirði verið gert að sanna með eidi „að það reikningsblað sem ég nú framlegg í réttinn er sannferðugt og rétt.“ Blaðið hefur vafalítið sagt til um eignir hans en illu heilli kemur upphæðin ekki fram.<sup>23</sup> Tveir karlar voru teknir föstum tókum í Önundarfirði 25. apríl 1780: „Lausamenn ólöglega angáfu hreppstjórar Jón Þorleifsson og Sigurð Sigurðsson, sem sýslumaður tilsaði hreppstjórum að setja í vist til fullveðja búenda sem þeirra stóra þörf hafa.“<sup>24</sup>

Atkvæðamestur allra sýslumanna var Magnús Ketilsson. Hann gaf út tímarit á dönsku í þrjú ár og birti í nóvember 1774 hugleiðingu um lausamenn og kaupamenn í sýslunni sem hann sagði að væru einkum karlar af Snæfellsnesi sem kæmu í heyskap á sumrin. Framferði þeirra varð vinnumönnum tilefni til þvermóðsku og sjálfræðistilburða, segir hann, enda fengu gestirnir 80 sk. til 1 rd. specie á viku fyrir utan mat, skó, sængurföt og húsnæði. Vinnumenn fengu 4 rd. og sex álnir vaðmáls í árslaun og hlutu að spyryja: „hvorföre skal jeg da tage mig

<sup>21</sup> Sveinn Pálsson, *Ævisaga Jóns Eiríkssonar*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag, 1828, bls. 139; Harald Gustafsson, „Stjórnsýsla“, bls. 59.

<sup>22</sup> *ÞÍ*. Sýsluskjalasafn. GA/1, 2. Dóma- og þingbók 1758–1778, bls. 295.

<sup>23</sup> *ÞÍ*. Sýsluskjalasafn. Eyjafj. GA/2, 4. Dóma- og þingbók 1766–1797: 28. apríl 1770.

<sup>24</sup> *ÞÍ*. Sýsluskjalasafn. N-Múl. Ísafj. GA/24, 3. Dóma og þingbók 1779–1790, bls. 10.

arbeiðet saa nær? Hvorfore skal jeg lade mig bruge til atskillig slid og sleb ved at bygge tørvvegge og udstaae andet ondt, som løsemanden slipper for.“ Allir vildu því gerast lausamenn: „Alle vil derfor være løsemænd.“<sup>25</sup>

Ekki ber á öðru en að Magnús hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að boða lausamenn í sýslunni á þing vorið 1775 – en gæti hafa sótt innblástur í frumvarp Þorkels Fjeldsteds sem hann hafði áreiðanlega lesið. Ekki bað stiftamtmaður hann um þetta.<sup>26</sup> Herferðin hófst á manntalsþingi að Ballará á Skarðsströnd 2. júní og níu karlar voru mættir til yfirheyrslu: „Var talað um lausamenn, sem í seðlinum voru citeraðir. Þar af álist lausamennska Helga Jónssonar, Jóns Steingrímssonar, Gísla Sigurðssonar, Gunnars Ólafssonar og Jóns Nikulásssonar þannig að þeir öngva gilda orsök til lausamennsku hafi.“ Þeir áttu sem sagt ekki tilskilin 10 hundruð. Í refsingarskyni var þeim gert að „svara öllum skyldum til kóngs, prests, kirkju og hreppstjóra, eins og þeir hefðu að lögum lausir verið og tíundað 10 hundrað.“ Ekki er þess getið á hvaða grundvelli Magnús ákvað þetta og líklega datt honum þetta sjálfum í hug. Fyrst þeir þóttust vera lausamenn var rétt að þeir borguðu sem slíkir, en síðan væri úti ævintýri. Aðrar sektir fengu þessir menn ekki að því tilskildu að þeir sem voru „kynjaðir í sveitinni“ áttu strax að ráða sig í vistir eða vinna „fjárskýrslueið upp á það að þeir megi að lögum lausir vera.“ Þar fengu þeir annað tækifæri til að sanna að þeir uppfylltu skilyrðin. Aðrir fjórir, Jón Magnússon, Gunnar Einarsson, Þorsteinn Guðmundsson og Páll Sigurðsson, hlutu „meiri vægð“, segir í dómabók, gegn því „að þeir séu í vist eftirleiðis og vinni ekkert hjá öðrum en sínum réttu vissu húsbændum.“ Líklega sluppu þeir við að greiða skatta og skyldur í sekt. Um leið var öllum húsbændum bannað „að senda hjú sín til að vinna hjá öðrum án hreppstjóra leyfis.“<sup>27</sup> Í fyrri hópnum hafa samkvæmt þessu verið menn sem þóttust vera lausamenn án þess að eiga fyrir því. Hinir hafa verið í vinnumennsku og tekið að sér verk sem lausamenn um styttri tíma, jafnvel með vitund og vilja húsbænda sinna. Í báðum tilvikum voru brotin lög.

Vert er að rekja framhald aðgerða á þingum næstu vikurnar:

Staðarhóll 7. júní. Eftir stefnu mætti Jón Bjarnason „sem á 12 hndr. í jörðu og álist því löglega laus.“ Jón Loftsson og Bjarni Eyjólfsson höfðu „sýnt skil og vistráðið sig“ þannig að þeir sluppu við frekari útlát. Magnús Sigurðsson var

<sup>25</sup> *Íslandske Maanedstidender* 1, nóvember 1774, bls. 29–30; sbr. Helgu Hlín Bjarnadóttur, „Húsagi og landsagi á 18. öld“, bls. 60.

<sup>26</sup> *ÞÍ. Stíft.* I-15. Bréfabók 1775–1777; sjá skrá yfir bréf til Magnúsar á bls. 1027–1028 og vorið 1775.

<sup>27</sup> *ÞÍ. Sýsluskjalasafn.* Dal. GA/3, 2. Dóma- og þingbók 1770–1804: 2. júní 1775. Dagsetningar framvegis í meginmáli.

„örvasa og úr lausamannatölu“ en Magnús Magnússon „fríkenna hreppstjórar og eru þeir láttnir því ráða.“<sup>28</sup> Ekki er það útskýrt frekar.

Staðarfell 12. júní: „Var öllum fyrirboðið að halda lausamenn og sér í lagi Jón Normann Einarsson, en hvör sem verður sannur að því skal múlterast um 4 mk. á vikunni eins og Jón heimtar.“<sup>29</sup> Ekki er annað vitað um þennan mann og enn birtist líkindarefsing í þeim skilningi að sekt fyrir að ráða hann jafngildir launum sem hann krafðist – 64 skildingar.

Hvammur í Hvammssveit 13. júní. Jón Steinsson hafði lofað að koma en sendi þess í stað skilaboð um „að hann vildi láta það vera sem sýslumaður vildi.“ Hann hafði verið laus undanfarið ár og var fyrir vikið gert að greiða tíund, prestsgjald, kirkjugjald til fátækra, skatt, gjaftoll og lögmannstoll „eins og sá sem tíundar 10 hundruð, undir aðför og execution ef ei er betalað innan miðsumars.“<sup>30</sup> Að auki var hann skyldaður í vist til sóknarprestisins að viðlagðri sekt.

Jörfi í Haukadal 15. júní: „Um lausamenn var talað og þeim fyrirboðin framvegis öll lausamennska.“<sup>31</sup> Þetta er ekki almenn ákvörðun heldur liggja ónafngreindir einstaklingar þarna undir, sömu tegundar og á fyrri þingum.

Uppspera Magnúsar var einn eiginlegur lausamaður og nokkur fjöldi karla sem höfðu gefið sig út fyrir að vera lausamenn með óréttu. Þeir voru þó teknir á orðinu í þeim skilningi að þeir urðu að greiða opinber gjöld eins og þeir hefðu verið að segja satt. Jafnframt voru þeir skikkaðir í vinnumennsku. Öllu þrjósvari náungi kom til meðferðar á Ballará 3. apríl 1778, Þorsteinn Þorsteinsson – og var mættur. Fimm vitni báru um samtal hans við sóknarprestinn, sem hafði lagt að honum að yfirgefa sveitina. Því tók Þorsteinn illa og hafði hátt. Vitnin vissu ekki betur „en að Þorsteinn hafi verið lausamaður og hvörgi í vist síðan hann kom í þessa sveit í hittiðfyrra og ei hafi kona hans síðan hjá honum verið.“ Málsvörn hans var lesin upp og merkt sem „lit. F“ en er ekki varðveitt fremur en önnur fylgiskjöl dómabóka úr sýslum landsins frá 18. öld. Dómur gekk daginn eftir. Þorsteinn hafði verið lausamaður í sveitinni síðustu tvö árin en ekki „framfært nokkrar löggildar orsakir til sinnar lausamennsku.“ Menn vissu að fyrri árið var honum „nokkur vorkunn“, sem ekki er útskýrt, svo honum var ekki refsað fyrir það. Hreppstjórar höfðu bannað honum „að vera laus í þessari sveit“ og við það kannaðist hann í málsvörn sinni, en hafði samt ekki „neinar löggildar orsakir framfært til sinnar lausamennsku.“ Á manntalsþingi ári fyrir hafði hann boðist til að bæta úr því, en hefði honum verið alvara hefði hann átt að biðja

<sup>28</sup> ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Dal. GA/3, 2. Dóma- og þingbók 1770–1804: 7. júní 1775.

<sup>29</sup> ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Dal. GA/3, 2. Dóma- og þingbók 1770–1804: 12. júní 1775.

<sup>30</sup> ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Dal. GA/3, 2. Dóma- og þingbók 1770–1804: 13. júní 1775.

<sup>31</sup> ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Dal. GA/3, 2. Dóma- og þingbók 1770–1804: 15. júní 1775.

sýslumann og hreppstjóra leyfis „eður forvitnast um þeirra vilja hvörsu þeir vildu vera láta.“<sup>32</sup>

Það mátti sem sagt komast að samkomulagi, en ef menn reyndu það ekki eða tókst það ekki voru þeir stöðvaðir. Það voru mörk. Þorsteinn hafði verið með eilífan undanslátt og ekki staðið við neitt. Ofan á það var hann „með masi“ við réttarhöldin. Hann hafði yfirgefið eiginkonu sína til að vera lausamaður í öðrum sveitum og ekki gætt að staðfestu fyrir börn sín, auk þess sem orðrómur var um samneyti hans við gifta konu. Niðurstaðan var að hann skyldi greiða tíund af 10 hundruðum „eins og hann hefði löglega laus verið“ og 40 fiska í skatt til konungs, 10 fiska gjaf toll og 1 fisk í lögmansstoll, en líka manneli „og annað sem hann á til sveitarinnar að svara.“ Fyrir óhlýðni og lítulsvirðingu við hreppstjóra átti hann að borga hálfá mörk en 2 aura fyrir þingvíti og 5 aura í málskostnað – allt innan mánaðar: „Og fyrirbýðst Þorsteini Þorsteinssyni framvegis öll lausamennska í þessari sýslu undir 4 marka sekt.“ Enginn mátti hýsa hann eða hafa „með hann eður hans að bestilla.“<sup>33</sup>

Þorsteinn lét ekki fara svona með sig og vísaði málinu til alþingis. Þar var það tekið fyrir 20. júlí 1779. Verjandinn, Jón Jónsson sýslumaður, fór fram á mildari úrskurð og mælti gegn því að Þorsteinn borgaði skatt „þar hann sé fátækur og eigi ekki 10 hundruð.“ Sækjandinn, Jón Arnórsson sýslumaður, vildi að dómurinn yrði staðfestur og Þorsteinn látinn rýma sýsluna „fyrir ólöglega sambúð við annars manns konu.“ Dómur Sveins Sölvasonar 21. júlí hefst á almennri yfirlýsingu gegn ólöglegru lausamennsku: „Sá lausamannskapur, sem nokkrir eigingjarnir menn hér innan lands hafa í venju dregið, er bæði að fornu og nýju skaðlegur álitinn fyrir staten og publique interesse.“ Húsagatilskipunin frá 1746 leyfi ekki „að nokkur megi hér lausamaður vera, nema hann eigi full tíu hundruð til tíundar, betali skatt og aðrar tekjur þar af eftir lögum.“ Þorsteinn hefði viljað vera lausamaður en ekki svarað skatti „né öðrum lögskilum í sveitinni.“ Hann væri fátækur og hefði ætlað að sjá fyrir ómyndugum börnum sínum „með lausamennsku og kaupavinnu hjá öðru búandi fólki“, en það dugði að mati lögmans ekki gegn konunglegri skipan „sem gilda á og hefur átt fyrir alla alna og óborna landsins innbyggjara.“ Dómur Magnúsar var því staðfestur og fyrir „rangviljuga sakarinnar yfing“ átti Þorsteinn að greiða honum 1 hundrað á landsvísu og hreppstjórum 60 álnir. Sakborningur hvikaði hvergi: „Frá þessum dómi appelleraði Þorsteinn Þorsteinsson.“<sup>34</sup>

<sup>32</sup> ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Dal. GA/3, 2. Dóma- og þingbók 1770–1804: 4. apríl 1778.

<sup>33</sup> ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Dal. GA/3, 2. Dóma- og þingbók 1770–1804: 3. apríl 1778.

<sup>34</sup> *Alþingisbækur* XV, bls. 587–589.

Magnúsi var nóg boðið og samdægurs fékk hann ellefu sýslumenn með sér í lið til að skrifa konungi um þá vanvirðu að málum væri áfrýjað þegar sektir væru lágar eða þá dómum sem aðeins lutu að því að halda uppi röð og reglu: „god orden og politie.“ Tekið var dæmi af því þegar yfirvöld „maae holde styr over en løsemand“ eða skilja að „to personer“ sem lifðu „et letfærdigt levnet“, sem gjarnan tæki langan tíma og þýddi umfangsmikinn málarekstur, enda væri nú í tísku að áfrýja frá einu dómsstigi til annars – jafnvel til hæstaréttar á endanum. Á meðan málið væri til meðferðar héldi fólk uppteknum hætti en yfirvöld þreyttust, að ógleymdum þeim kostnaði sem af slíku hlytist á meðan áfrýjendur töpuðu engu, því þeir áttu ekki neitt! Þetta jók á óhlýðni í landinu, sögðu sýslumenn, og lögðu til að konungur bannaði áfrýjun slíkra smámála. Thodal stiftamtmaður sendi erindið utan 1. september og lét þess getið að vert hefði verið að bréfitari tilgreindi hvað hann nákvæmlega ætti við: „havde nøye bestemt hvilke og hvad slags sager han forstoed at henhøre til god orden og politie.“ Thodal lét sér detta fátækramál, vegagerð og refatoll í hug en nefndi ekki lausamennsku. Síthvað væri þó af smærri málefnum, tók hann fram, sem yrði að vera hægt að áfrýja. Kansellí óskaði eftir nánari útfærslu og 25. september 1780 sendi Thodal því tilöggu sem varð að lögum með konungsbréfi 11. apríl 1781. Meðal þess sem sýslumenn framvegis máttu afgreiða einir voru dómar sem skylduðu „lösemændene at gaae i tjeneste.“ Sektir fyrir ólöglega lausamennsku mátti innheimta strax.<sup>35</sup>

Heim kominn af alþingi var Magnús enn með hugann við Þorstein og í árskýrslu sinni 18. ágúst 1779 lét hann þess getið í lokin að sjálfræði vinnufólks og einkum lausamanna færðist í vöxt með ári hverju. Hann hefði reynt að hemja ónafngreindan lausamann sem áður var við búskap en yfirgaf konu og þrjú börn og tók saman við gifta konu. Magnús dæmdi hann til að greiða opinber gjöld, eins og hefði hann verið löglegur lausamaður, og taldi víst að nú færi hann heim til konu og barna, en öðru var nær og maðurinn áfrýjaði til alþingis. Þegar það staðfesti dóminn áfrýjaði hann til yfirréttar og muni helst vilja að málið fari fyrir hæstarétt, svo sem til að draga það á langinn.<sup>36</sup> Mánuði síðar eða 14. september

<sup>35</sup> ÞÍ. KA/27. Innkomin bréf og önnur skjöl 1779: 21. júlí 1779; Stíft. I-16. Bréfabók 1778–1779, bls. 536–537; *Lovsamling for Island IV*, bls. 584. Samhljóða uppkast að úrskurði konungs er í KA/29. Innkomin bréf og önnur skjöl 1781: 11. apríl 1781. Um bréfaskiptin, sjá Gíslí Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélög. Ættir úr félags sögu 19. og 20. aldar*, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sögufélag, 1997, bls. 115.

<sup>36</sup> ÞÍ. Rtk. B9/2. Fylgiskjöl með Islands journal 5 (1779–1782), nr. 105. Þar er fjöldinn allur af ársskýrslum sýslumanna og þessi er merkt nr. 568. Rentukammer endursagði yfirleitt ársskýrslurnar vandlega í bréfadagbók, en um þetta atriði í skýrslu Magnúsar, sem barst 8. nóvember, segir bara: „Mangel paa god orden og politie, hvorved tjenistefolkenes og lösemændenes selvraadighed aarlig tiltager.“ Í afgreiðslu 27. nóvember er tekið fram að



– og víðs fjarri – kvartaði Guðmundur Pétursson sýslumaður Norður-Múlasýslu við rentukammer undan „boesadte folk og ugifte lösgjængere“ sem færu um landið og hefðu vitnisburði frá prestum en ekkert frá sýslumönnum. Þann 27. nóvember sendi rentukammer kansellíi bréf Guðmundar og ádrepu Magnúsar með fyrirspurn um það hvort ekki mætti með einhverjum hætti stuðla að því að farið væri eftir tilskipun um húsaga og öðrum skipunum varðandi vinnufólk og lausamenn: „kunde blive ved alvorlighed satte i execution og overholdte.“<sup>37</sup> Bréf Guðmundar varð til þess að kansellí samdi frumvarp um vegabréf sem varð að lögum 11. apríl 1781 – sama dag og konungsbréfið um skjótari afgreiðslu mála. Prestar máttu nú ekki gefa út vitnisburði fyrr en sýslumaður hafði gefið út passa. Þegar ókunnir einstaklingar komu í sveitir átti að athuga öll gögn og láta sýslumann vita reyndust þeir vera „lösgjængere.“<sup>38</sup>

Hér er kominn sá jarðvegur sem tilskipun um lausamenn frá 17. febrúar 1783 er sprottin úr. Það giltu lög sem leyfðu lausamennsku með ströngum skilyrðum. Löglegir lausamenn voru fámennur hópur – einvörðungu karlar – en þeim mun fleiri voru þeir sem vildu vera lausir en áttu ekki þau 10 hundruð sem voru tilskilin. Strangt tekið mátti það ekki en ljóst má vera að jafnt hreppstjórar sem sýslumenn voru til í að líta undan væru aðstæður með þeim hætti að slíkt væri réttlætlanlegt og maðurinn stóð sig. Öðru gegndi ef svo var ekki eða önnur óreiða fylgdi með,

---

það sem Magnús segi um þetta atriði hafi verið sent til kansellís upp á það hvort eitt-hvað megi gera; Rtk. A/7. Islands journal 4 (1778–1779), no. 568. Vert er að nefna að Þorsteinn Þorsteinsson flúði í Eyjafjörð ásamt Rannveigu Höskuldsdóttur, hinni giftu konu sem um er rætt í dómnum. Þar skildu þau eftir barn og árin 1781 og 1785 var lýst eftir þeim á alþingi, sjá *Alþingisbækur* XVI, bls. 42–43, 248. Snemma árs 1786 gerði stift-  
amtmaður Magnúsi Ketilssyni að koma Þorsteini í tugthúsið „for lösgjengeri“; sjá Stíft. I, 20. Bréfabók 1785–1786, bls. 319–320; Stíft.-I, 21. Bréfabók 1786, bls. 3. Magnús gómaði kauða og dæmdi hann til fimm ára fangavistar á þingi 19. ágúst. Vert er að birta setningu sem sýnir að Þorsteinn var aldeilis með á nótnunum: „Þar næst segist hann meina að lausamenn svokallaðir hafi ei heitið lausgangarar allt til þess sú konunglega forordning af 19. febrúar 1783 hafi verið auglýst“; sjá Sýsluskjalasafn. Dal. GA/3, 2. Dóma- og þingbók 1770–1804: 19. ágúst 1786.

<sup>37</sup> ÞÍ. KA/28. Innkomin bréf og önnur skjöl 1779–1780: 14. september 1779.

<sup>38</sup> Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag*, bls. 115–119; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, bls. 160; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 172–173. Textinn er í *Lousamling for Island* IV, bls. 580–582; sbr. konungsbréf um vitnisburði 7. apríl 1780 á bls. 526–527. Finnur Jónsson biskup fór hörðum orðum um tillögu Guðmundar í bréfi til kansellís 12. ágúst 1780 en taldi ekki tímabært að hafa skoðun á erindi Magnúsar varðandi Þorstein, því málið væri enn í dómskerfinu; sjá ÞÍ. Bps. A-IV, 25. Bréfabók 1778–1784, bls. 144–148. Um vegabréfin, sjá Emil Gunnlaugsson, *Kaupavinna á 19. öld. Um hreyfanlegt vinnuafll og verkafólk frá Reykjavíkarkaupstað*, BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2020, bls. 28–30; einnig gagnaskrá og umfjöllun Emils á vefnum *heimildir.is*, sótt 22. mars 2024 af <https://heimildir.is/vegabref/>.

svo sem flakk, þjófnaður eða ósiðsemi af einhverjum toga. Þá var tekið í taumana og einmitt konungsbréfin tvö frá 11. apríl 1781 styrktu stöðu sýslumanna og fengu þeim ný verkfæri í hendur, ef svo má segja. Þeir urðu að leyfa ferðir fólks á milli héraða og úrskurðum þeirra um ólöglega lausamennsku varð ekki hnikað. Raddir voru uppi meðal embættismanna um algjört bann við lausamennsku en hófsamari menn bentu á að löglegir lausamenn gerðu gagn á ýmsum sviðum og rétt væri að halda í fyrirbyggjandi lög, en þó fylgja þeim betur eftir.

### *Tilskipunin og fylgitextar*

Jón Sveinsson fékk veitingu fyrir Suður-Múlasýslu 28. júní 1781. Hann var sonur Sveins Sölvasonar lögmanns, 28 ára gamall og hafði verið nokkur ár við nám í Kaupmannahöfn.<sup>39</sup> Nýkominn til starfa, 14. september, skrifaði hann rentukammeri frá Eskifirði, fáraðist yfir framferði vinnufólks og rak á eftir nýrri landsagaskipun. Bréfið er hér í viðauka, **númer 1**. Það er í skjalasafni kansellis í Þjóðskjalasafni ásamt öðrum gögnum sem urðu til við meðferð málsins: KA/29. Innkomin bréf 1781, örk 41: 14. september 1781. Efst til vinstri hafa embættismenn skrifað: „ad 7 K. 1856 / d. 5. Febr. 1782 / JJ no. 599.“ Síðasta talan vísar í bréfadagbók rentukammers og ekkert er undir því númeri í Rtk. B9/8. Fylgiskjöl með Islands journal 5 (1779–1782), nr. 531–616 (áður 40.8.). Um frágang texta er fylgt reglum við útgáfu landsnefndarskjala og sýndur endanlegur texti en ekki breytingar skrifara, enda engar þeirra svo rötttekar að merking breytist.<sup>40</sup> Vert er að nefna að elsta bréf frá Jóni Sveinssyni í skjalasafni stiftamtmanns er frá 14. júlí 1784.<sup>41</sup>

Rentukammer fékk bréf Jóns 5. febrúar 1782 og tók erindið til afgreiðslu 14. mars; færslan er með hendi Jóns Eiríkssonar konferensráðs.<sup>42</sup> Málefnið þótti ekki mikilvægt, enda væri vandinn fremur fölginn í því að lögum var ekki framfylgt en að þau vantaði. Þó var ákveðið að óska eftir álitni Ólafs Stefánssonar amtmanns norðan og austan, og það var gert með bréfi 30. mars. Afgreiðsla og bréf eru hér **númer 2**. Heimildir eru Rtk. A/8. Islands journal 5, no. 599 og C/19. Bréfabók 1779–1782 (áður 28.19), nr. 1047, blýantsmerking bls. 604–605. Skjalasafn Norður- og Austuramts frá þessum árum er glatað. Stiftamtmani var ekki skrifað.<sup>43</sup>

<sup>39</sup> *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 284.

<sup>40</sup> *Landsnefndin fyrri* I, bls. 37–39.

<sup>41</sup> *Þf.* Stíft. III-108. Bréf úr Suður-Múlasýslu 1781–1802.

<sup>42</sup> Um Jón, sjá Þorkel Jóhannesson, *Saga Íslendinga* VII, bls. 31.

<sup>43</sup> *Þf.* Stíft. III-35. Rentukammerbréf 1781–1783.

Ólafur svaraði 4. ágúst 1782 og tók undir með Jóni um sjálfræði vinnufólks og skort á húsaga, en ástandið væri ekkert verra í Suður-Múlasýslu en öðrum sýslum. Hann nefndi ekki áformaða landsagaskipun og minnti þess í stað á reglugerð um tugthúsið nýja sem vafalaust myndi gera gagn, en nefndi síðan lausamenn sérstaklega og lagði til að þeir yrðu bannaðir: „aldeeles afskaffede.“ Það varð kveikjan að ítarlegri umfjöllun ytra og fimm árum síðar fagnaði Ólafur niðurstöðunni: „Lausamenn og lausgangarar, sem eru með konunglegri skipan af 19. febrúar 1783 fyrirboðnir, sé og veri það til ævinlegrar tíðar! Þessir hafa of lengi verið átumein landsins, en megu verða þess gagnlegir limir sé hinir efnilegustu og líklegustu af þeim teknir til eyðijarða en hinir til vinnumennsku hjá duglegu búandi fólki.“<sup>44</sup> Umsögn Ólafs er hér **númer 3** og liggur með bréfi Jóns Sveinssonar í KA/29, örk 41. Skrifað er efst til vinstri: „ad 7 K. 1856.a / 24. Septb. 1782 / JJ no. 678.“ Síðasta talan vísar í bréfadagbók rentukammers og undir því númeri í Rtk. B9/9. Fylgiskjöl með Islands journal 5 (1779–1782), nr. 618–698 (áður 40.9.) er minnisblað Jóns Eiríkssonar, vafalaust skrifað í október eða nóvember. Það fylgir bréfinu hér.

Umsögn Ólafs barst 24. september og rentukammer tók málið fyrir 15. nóvember. Enn var Jón Eiríksson að verki og lítið breyttur texti hans er í bréfi rentukammers til kansallís 30. nóvember, þar sem óskað er eftir tilskipun um lausamenn. Þessir textar eru **númer 4**. Afgreiðsla rentukammers er í Rtk. A/8. Islands journal 5, no. 678, og vísað til no. 599. Frumrit bréfsins er í KA/29, örk 41, en samhljóða afrit í Rtk. C/19. Bréfabók 1779–1782 (áður 28.19), nr. 1178; bls. 681. Vísað er til fylgiskjala varðandi frumvarp Þorkels Fjeldsteds, sem einnig liggja í KA/29, örk 41 – og vel að merkja var þeim vísunum fyrst aukið við á spássíu og milli lína í bréfadagbókinni. Þetta eru Lit. A. eða „Udtag af Udkast til Politie- og Landforordning, 4. cap., 14. og 15. art.“, Lit. B. eða „Extract“ af umsögnum veraldlegra embættismanna og Litt. C. eða „Anmærkninger“ Magnúsar Ólafssonar og Sveins Sölvasonar (sjá hér að framan). Ekki þótti Jóni Eiríkssyni mikið koma til andófs lögmanna.

Kansallí fól háttsettum starfsmanni það verkefni 5. desember að leggja drög að tilskipun, eins og fram kemur á umslagi utan um gögnin í KA/29, örk 41, þar sem segir: „K. 1856. Herom paatager vel Hr. Vice Gpr. sig at opsætte en Fr., som først kunde foreviises Erichsen og siden sendes Cam. til Eftersyn.“ Þetta var Oluf Lundt Bang, fimmtugur lögfræðingur sem einnig sat í hæstarétti og var aðstoðarsaksóknari ríkisins eða „Vice-Generalprokurator.“<sup>45</sup> Fyrstu drög hans eru ekki

<sup>44</sup> Ólafur Stefánsson, „Um jafnvægi bjargæðisveganna á Íslandi“, *Rit hins íslenska lærdómslistafélags* 7, 1787, bls. 187–188.

<sup>45</sup> Annette Fay Jacobsen, *Husbondret. Rettighedskulturer i Danmark 1750–1920*, Kaupmanna-

varðveitt en aftur á móti nokkrar spurningar sem hann sendi Jóni Eiríkssyni, sem svaraði 16. desember og boðaði heimsókn kvöldið eftir til viðræðna um málið! Fáeinar línur sem hann strikar undir eru hér hafðar innan gæsalaппа. Þessir textar eru **númer 5**. Bang skrifaði spurningar sínar vinstra megin og Jón svaraði hægra megin; hér er hans framlag skáletrað. Bang bað síðan um útskýringar við húsagatilskipunina og Jón fékk Skúla Magnússon landfógeta til liðs við sig, sem var í borginni, afritaði spurningarnar og svaraði – rithöndin er auðþekktanleg. Þeir Jón og Skúli þekktust vel.<sup>46</sup> Förste fundats, sem þarna er getið, eru tíundarlögin frá 1096. Tvær spásíugreinar með annarri hendi eru hér skáletraðar. Jón kvittaði undir afurðina 19. desember sem er hér **númer 6**. Uppkast Bangs að tilskipun er ekki varðveitt, en 25. desember gerði Jón tvær athugasemdir sem eru **númer 7**. Þrjú síðastnefnd skjöl eru í KA/29, örk 41. Sé lítið á framlag Jóns til þessa máls má segja sem svo að hann hafi verið samþykkur almennu banni við lausamennsku að því tilskildu að svigrúm yrði veitt með leyfisveitingum í þágu handverks og fiskveiða.

Bang gekk frá frumvarpi 28. desember. Kansellí lagði það fyrir konung 22. janúar 1783 og hann skrifaði undir 7. febrúar. Bréf kansellis og áritun konungs eru hér **númer 8**. Skjalið er í KA/29, örk 41. Texti frumvarpsins birtist óbreyttur í tilskipun 19. febrúar, sem er hér á dönsku sem **númer 9** eftir frumriti með innsigli konungs í KA/29, örk 41. Afrit er í norski bréfabók kansellis í Rigsarkivet. Danske Kancelli F 21. Norske Registre 1782–1783, nr. 93; bl. 449v–452r.<sup>47</sup> Tilskipunin var prentuð samstundis og eintak úr fórum Jóns Sigurðssonar er í JS 551 4to. Lovsamling for Island IV, bls. 291–298.<sup>48</sup> Hún var prentuð aftur í miklum viðauka við *Forordning angaaende den Islandske Handel og Skibsfart, Christiansborg Slot, den 13. Juni 1787*. Kaupmannahöfn: Höpfner 1787: Bilag, bls. 67–69.<sup>49</sup> Fyrri útgáfur: *Lögþingisbókin* 1783, Hrapsey 1783: viðhengi, bls. 69–73; *Lovsamling for Island IV*, bls. 683–686; *Alþingisbækur XVI*. Reykjavík: Sögufélag, 1986, bls. 182–185 (eftir lögþingisbókinni).

---

höfn: Tusculanum, 2008, bls. 513; *Dansk biografisk Lexikon I*, bls. 489; sjá vefinn *Projekt Runeberg*, sótt 22. mars 2024 af <http://runeberg.org/dbl/1/0507.html>.

<sup>46</sup> Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VII*, bls. 27, 86.

<sup>47</sup> Sjá vefinn *Rigsarkivet*, sótt 22. mars 2024 af [www.sa.dk/ao-soegesider/da/billedviser?epid=22446916#464780,83385398](http://www.sa.dk/ao-soegesider/da/billedviser?epid=22446916#464780,83385398).

<sup>48</sup> Sjá vefinn *Bækur.is*, sótt 22. mars 2024 af [baekur.is/bok/4aa78132-8276-4bad-bb20-fe1123e047b9/0/1/Forordning\\_angaaende\\_de\\_saa#page/n0/mode/2up](http://baekur.is/bok/4aa78132-8276-4bad-bb20-fe1123e047b9/0/1/Forordning_angaaende_de_saa#page/n0/mode/2up).

<sup>49</sup> Sjá vefinn *Bækur.is*, sótt 22. mars 2024 af [baekur.is/bok/9aed29d7-12a6-401e-8b12-db792154df4b/0/1/Forordning\\_angaaende\\_den#page/n0/mode/2up](http://baekur.is/bok/9aed29d7-12a6-401e-8b12-db792154df4b/0/1/Forordning_angaaende_den#page/n0/mode/2up).

Til eru tvær samtímabýðingar á íslensku, ekki alveg eins; hér **númer 10**.

A. *Inntak úr nokkrum þeim nýjustu Köngl. Forordningum sem almúganum er nauðsynlegt að vita*. Hrappsey 1785, bls. 25–29.<sup>50</sup> Ekki kemur annað til greina en að hér hafi Magnús Ketilsson verið að verki sem var einkar annt um að löggjöf konungs væri aðgengileg á íslensku.

B. Rentukammer fór þess á leit við Levtzow stiftamtman 28. júlí 1787 að hin nýja verslunartilskipun yrði þýdd á íslensku ásamt viðaukum. Í svari hans 26. júlí 1788 kemur fram að þýðandinn var studiosus Jón Jónsson sem nú hafði sent háan reikning og fengið 20 rd. greidda þegar, en rentukammer yrði að segja til um endanlega upphæð.<sup>51</sup> Jón þessi var við nám í Kaupmannahöfn árin 1773–1782 og um skeið skrifari Levtzows. Hann bjó í Bæ í Borgarfirði árin 1787–1790 og hafði umboð óseldra Skálholtsjarða, en varð síðan sýslumaður í Strandasýslu.<sup>52</sup> Þýðingin birtist tveimur árum síðar sem fylgiskjal XIII í *Forordning um þá íslensku kauphöndlun og skipaferð*. Gefin á Christiansborgarsloti þann 13. júní 1787. Kaupmannahöfn: Thiele, 1789, bls. 127–129. Gunnar Sveinsson gaf verslunartilskipunina út á íslensku eftir þessari prentun en ekki fylgiskjölin „þar eð þau hefðu hleypt ofvexti í þetta bindi.“<sup>53</sup> Með bréfi 20. mars 1790 sendi rentukammer eintök til dreifingar ásamt nýútkominni þýðingu Jóns Sveinssonar landlæknis á *Yfirsetukvænnafræðum* Matthíasar Saxtorphs: Levtzow fékk 120 tilskipanir og 180 yfirsetubækur, en amtmennirnir Ólafur Stefánsson og Stefán Þórarinsson 80 tilskipanir og 150 bækur hvor; alls 280 og 480 eintök (Rtk. C/22. Bréfabók 1787–1790, nr. 2213, 2214 og 2215; bls. 776. Frumritið er í Stift. III, 41. Rentukammerbréf 1790: 20. mars 1790 og eintakaföldi ekki nefndur.)

Um efnisatriði og heimildir tilskipunarinnar má segja þetta:

*Formálinn*. Lausamenn valdi því að vinnufólk skortir og þeir taka of há laun, svo afkoma bænda versnar. Þeir stunda landþrang og sólunda tíma sínum í einlífi til einskis, aftra fólksfjölgun og lenda á endanum á sveit. Mest er þetta úr landsagafrumvarpi Þorkels Fjeldsteds en sitthvað þó eftir tilskipun um vinnufólk í Noregi frá 9. ágúst 1754, sem er í 20 greinum og miklu efnismeiri. Hún byrjar svo: „Vi ere komne i erfaring om hvorledes det paa landet i vort rige

<sup>50</sup> Sjá vefinn *Bekur.is*, sótt 22. mars 2024 af [bukur.is/bok/750a81b3-3e28-4b07-9c40-1e4f60e286c0/0/28/Inntak\\_ur\\_nokkrum\\_theim#page/n27/mode/2up](https://bukur.is/bok/750a81b3-3e28-4b07-9c40-1e4f60e286c0/0/28/Inntak_ur_nokkrum_theim#page/n27/mode/2up).

<sup>51</sup> ÞÍ. Rtk. C/22. Bréfabók 1787–1790, nr. 258 [ljósrit]; Stift.-I, 23. Bréfabók 1787–1788, bls. 447.

<sup>52</sup> *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 187–188.

<sup>53</sup> *Alþingisbækur* XVI, bls. xiii.

Norge blandt almuen og bønderne skal være stor mangel paa tjenestefolk, hvilket ikke saa meget skal reise sig af at der fattes folk som ere dygtige til at tiene, som fornemmelig deraf at adskillige løse og leedige personer af begge kiön i steden for at tage aarlig tjeneste hos bonden heller vilde leve paa egen haand og søge at ernære sig enten ved at lade sig leie til dagarbeide eller i det højeste at tiene til halvten eller paa andre maader.<sup>54</sup>

*Grein 1.* Vísað er í húsagatilskipun án þess að texti hennar sé sýndur og lausamennska sem slík er bönnuð. Það var hin mikla nýjung og ekki einu sinni efnamenn gátu leyft sér að halda starfsheitinu.

*Grein 2.* Að mestu eftir landsagafrumvarpinu. Innan sex mánaða frá upplestri eigi menn að vera komnir í ársvist eða búskap á jörð, hjáleigu eða eyðibýli. Gengi það ekki, og gæti hvorki hreppstjórar né sýslumenn hjálpað, mátti maður vera lausamaður þar til vist fengist eða jarðnæði; með ókeypis vottorði sýslumanns. Hér birtist það sem nefna má **undanþágu 1** á meðan hvorki tókst að útvega ábýli né vist.

*Grein 3.* Mikið til eftir frumvarpinu. Að liðnum sex mánuðum skyldi hreppstjóri boða lausamenn á manntalsþing og hefðu þeir ekki skírteini sýslumanns um viðleitni án árangurs beið fangelsi í nokkra mánuði. Að því loknu skyldi útvega þeim jarðnæði eða vist.

*Grein 4.* Bændur sem hylmdu yfir með lausamanni skyldu greiða sekt og hann skikkast í alvöru vist eða til búskapar. Ef þetta gerðist ítrekað þýddi það gapastokk og mátti enginn hýsa slíka menn.

*Grein 5.* Samantekt byggð á tilskipun fyrir Noreg frá 1754, 1. grein, þar sem í framhaldinu eru ítarleg fyrirmæli um tveggja mánaða fangavist og enn frekari refsingar við frávikum: „Alle af bondestanden, mands- og kvindespersoner, som ei bruge gaarde eller huusmandsplads, eller som ikke er saa svage at ingen dem des formedelst udi tjeneste vil antage, eller og som ei her efter udi denne vores allerundardanigste forordning ere exciperede, skal være forbunden at fæste sig i aarlig tjeneste enten hos de gaardbrugende,

<sup>54</sup> Rigsarkivet. Danske Kancelli D 30. Norske registre 1753–1754, bl. 864r-v; sjá vefinn *Rigsarkivet*, sótt 22. mars 2024 af [www.sa.dk/ao-soegesider/da/billedviser?epid=22446905#464747,83364383](http://www.sa.dk/ao-soegesider/da/billedviser?epid=22446905#464747,83364383). Útgáfa hjá Jacob Henric Schou, *Chronologisk Register over de Kongelige Forordninger og aabne Breve IV*, Kaupmannahöfn: Breum, 1795, bls. 395–397. Textinn er notaður við kennslu við háskólann í Björgvin; sjá vefinn [www.hist.uib.no/grunnfag/kjelder/1754Frd.htm](http://www.hist.uib.no/grunnfag/kjelder/1754Frd.htm). Umfjöllun: Hanne Østhus, „Servants in Rural Norway c.1650–1800“, *Servants in Rural Europe*, ritstjóri Jane Whittle, Cambridge: Boydell & Brewer, 2018, bls. 117–118; Knut Mykland, *Den lange fredstiden*, Osló: Cappelen, 1988, bls. 393–401; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 56, 169.

ved bergværkerne, saugbrugerne eller andre. Skulde nogen som tjeneste blev anbuden sig derfor vægre skal slige tjenesteløse folk som løsgjængere ansees og til fogden henbringes.“

*Grein 6. Undanþága 2.* Húsfólk mátti vinna fyrir daglaunum og þurftu að fá vottorð hjá sýslumanni. Jafnframt er áréttuð undanþága 1 um þá sem ekki tókst að útvega vist eða ábýli. Stuðst er við tilskipun 1754, 2. grein, en ekki tekið þaðan að bændur megi stunda launavinnu utan bús: „Ligeledes maae ingen arbeide for dagløn uden huusmænd og deres kvinder, hvilke dog skal være pligtige, frem for andre, at arbeide hos eieren af den plads de boe paa. Derimod maae de som selv have jord at bruge arbeide for dagløn naar de dertil have tid. Saa og de som ingen fast aarlig tjeneste kan bekomme, naar de derom hos lensmanden og vedkommende have meldet sig, som derfor skal meddele dem beviis paa slet papiir uden betaling.“

*Grein 7.* Synir bænda fari í vinnumennsku 18 ára; þessu var aldrei fylgt eftir! Unnið var eftir tilskipun 1754, 3. grein, sem þó er miklu ítarlegri og tekur til allra barna: „Ingen gaardmand af bondestanden maae have flere af sine børn hjemme hos sig, naar de ere 18 aar gamle eller derover, end han til sin jord, avl, fiskerie og andet brug at drive, kan behøve.“

*Grein 8. Undanþágur 3 og 4.* Hjáleigubændur, tómthúsmenn og búðsetumenn í sjávarbyggðum máttu utan vertíðar vinna hjá bændum fyrir daglaun – að vænta má til sveita. Sama gildi um starfsmenn þeirra manna sem gerðu út báta og áttu báðir hópar að fá vottorð hjá sýslumanni. Þetta er nákvæmlega það sem ólöglegir lausamenn höfðu gert og athygli vekur að kaupafólk er aldrei nefnt sem var í vist en fór í heyskap í aðra landshluta.

*Grein 9. Undanþága 5.* Handiðnaðarmenn af ýmsum toga máttu vinna fyrir daglaun eða vikulaun hjá bændum, en þurftu líkt og aðrir vottorð sýslumanns.

## Lokaorð

Lausamennskutilskipunin var birt á alþingi sumarið 1783 og prentuð á dönsku í Hrappsey sem viðauki við alþingisbók. Magnús Ketilsson lét á manntalsþingum í Dalasýslu á bilinu 28. júlí til 2. ágúst 1784 færa til bókar að lesnar hefðu verið skipanir eftir alþingisbók síðasta árs.<sup>55</sup> Eins var þetta orðað í Barðastrandarsýslu, til dæmis á Skálanesi 15. apríl 1784: „Var tekið manntalið, upplesnar

<sup>55</sup> ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Dal. GA/3, 2. Dóma- og þingbók 1770–1804, án bls.

forordningar og tekin þingvitni öll sem tilheyri.<sup>56</sup> Í Ísafjarðarsýslu voru auglýstar „allar kóngsins forordningar af síðsta árs alþingisbók og það almenning snertir.“<sup>57</sup> Í dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu er færslan nákvæmari og meðal konungsbréfa sem voru lesin upp að Saurbæ 5. júní 1784 og Hrafnagili 7. júní var tilskipun „um lausamanna afsköffun af 19. febrúar 1783.“ Á næstu þingum var það sama lesið „sem á þeim öðrum þingstöðum.“<sup>58</sup> Næstu árin var nokkuð fjallað um tilskipunina á opinberum vettvangi en ekki er rými fyrir þá umræðu í þessari grein, sem einkum er ætlað að sýna að út frá orðanna hljóðan breytti hún litlu um stöðu lausamanna, hvort heldur löglegra eða ólöglegra. Verkefnið var ekki að meina vel efnuðum mönnum að vinna fyrir sér og sínum án þess að stunda búskap eða ráða sig í vist – með öðrum orðum í lausamennsku – heldur að afstýra „sjálfræði, lausgengni og öðrum ósiðum hjá almúganum“, eins og það er orðað í reglugerð um fangelsi í Reykjavík 3. mars 1784. Þar er vísað í tilskipunina frá árinu fyrir og voru réttækir þeir „heilbrigðir og vinnufærir betlarar og húsgangar“ sem ekki höfðu ráðið sig til ársvistar eða gátu „með réttum passa og skirteini frá sýslumönnum“ gert grein fyrir „þeim löglegum bjargræðis útvegum sem þeir brúka.“<sup>59</sup>

Nákvæmur lestur á tilskipuninni sýnir að lausamennska sem slík hafði alls ekkert verið bönnuð, heldur átti hún framvegis að vera háð leyfisveitingu sýslumanna út frá hóflega ströngum skilyrðum. Þeir höfðu áður þurft að eltast við menn sem þóttust eiga meira en þeir áttu, en nú var það úr sögunni. Enginn gat framvegis verið lausamaður sem ekki hafði fengið formlega heimild til þess frá sýslumanni. Skyldu slík leyfi vera til? Rækilegrar könnunar er þörf, en nýlegar athuganir Hrefnu Róbertsdóttur benda til þess að svo sé ekki. Að öllum líkindum má útskýra það með þeim hætti að þeir sárafaú löglegu lausamenn sem fyrir voru í landinu árið 1783 – að hámarki á annað hundrað manns – hafi ekki verið í vandræðum með að finna aðra farvegi til að athafna sig og fengið að vera í friði með það, án þess að sækjast eftir uppáskrift hjá sýslumanni. Ólöglegir lausamenn, sem svo hétu fram að þessu, héldu aftur á móti uppteknum hætti við að spila á kerfið og finna smugur, enda voru undanþágurnar margar

<sup>56</sup> ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Barð. GA/1, 2. Dóma- og þingbók 1776–1790, án bls.

<sup>57</sup> ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Ísafj. GA/24, 3. Dóma og þingbók 1779–1790, bls. 112–129.

<sup>58</sup> ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Eyjafj. GA/2, 5. Dóma- og þingbók 1771–1788, án bls.

<sup>59</sup> *Inntak úr nokkrum þeim nýjustu Kongl. Forordningum sem almúganum er nauðsynlegt að vita*, Hrapsey, 1785, bls. 31–32; sbr. *Lovsamling for Island V*, bls. 14–16; samtímaprent á vefnum *Bekur.is*, sótt 22. mars 2024 af [https://bakur.is/bok/763bc072-37dd-4029-8723-484edde9e8c8/0/1/Fundatz\\_for\\_tugthuuset\\_paa#page/n0/mode/2up](https://bakur.is/bok/763bc072-37dd-4029-8723-484edde9e8c8/0/1/Fundatz_for_tugthuuset_paa#page/n0/mode/2up). Sjá einnig Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 173–174.



– og sýslumenn sátu uppi með það að þurfa nú að eltast við menn sem vildu vera lausamenn og höfðu ekki fengið leyfi. Það var að minnsta kosti minna mál að skera úr um það atriði en að meta eignir eins og þurfti að gera áður. Þessir menn þóttust nú ekki með nokkru móti fá vist eða þeir gátu sýnt að þeir hefðu börn, foreldra og ættingja á framfæri, þannig enginn vildi ráða þá. Aðrir leituðu í skjól til bænda eða foreldra, gerðust húsmenn eða tómthúsmenn eða stunduðu handverk. Einbeittir lausgangarar og flakkarar létu sér fátt um finnast sem fyrr. Reglur skiptu slíkt fólk engu máli. Það stenst því engan veginn að tala um „algjört bann“ við lausamennsku eða segja sem svo að tilskipunin marki „upphaf eiginlegs vistarbands.“<sup>60</sup> Vistarskyldan er miklu eldri og árið 1783 var aðeins á ferðinni áherslubreyting sem yfirvöld gerðu sér vonir um að virkaði gegn þeim sem endilega vildu vera í lausamennsku en uppfylltu ekki skilyrði laga frá 1746. Enn síður standast ályktanir um víðtækar afleiðingar tilskipunarinnar, eins og þegar Gísli Gunnarsson fullyrðir að „þessi tiltölulega vel stæða stétt fjálsra verkamanna“ hafi verið afnumin vegna þess að þeir gætu með háum launum og „frjálsri stöðu sinni ógnað ríkjandi samfélagsskipan húsbænda og hjúa.“<sup>61</sup> Það er líka ofrausn að halda því fram, líkt og Guðmundur Jónsson, að tilskipunin hafi orðið til þess „að hamla gegn fólksflutningum úr sveitum til sjávar og tefja þannig fyrir þéttbýlismyndum og vexti borgaralegra atvinnugreina sem hefðu risið á legg.“<sup>62</sup> Vænlegra er að líta til þess að fremur en að binda lausamennsku við tiltekna lágmarkseign var hún nú heimiluð við tilteknar aðstæður – til bráðabirgða fyrir suma en varanlega fyrir vissa starfshópa samkvæmt undanþágum sem í raun veittu meira svigrúm til „frjálsrar“ atvinnustarfsemi en áður. Hugtakið var kannski lagt niður en ekki fyrirbærið. Eins og Björn S. Stefánsson hefur bent á leyfðu ákvæðin um búðsetufólk og handverksmenn atvinnurekendum við sjávarsíðuna „að ráða til sín fólk til lengri eða skemmri tíma, ef þeir gátu boðið viðunandi kjör.“<sup>63</sup> Eins hefur Hrefna Róbertsdóttir fært rök fyrir því að tilskipunin hafi greitt götuna fyrir handverk og aðra sérhæfða starfsemi: „Þrátt fyrir

<sup>60</sup> Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 79, 171; sbr. sama höfund, „Tactics of Evasion. The survival strategies of vagrants and day labourers in eighteenth and nineteenth century rural Iceland“, *1700-tal. Nordic Journal for Eighteenth-Century Studies* 17/2020, bls. 34–56, hér bls. 41, og „Contested households“, bls. 4–5. Eins segir Yngvi Leifsson: „Í gegnum aldirnar voru ýmsar undanþágur á vistarskyldu. ... Sú undanþága var afnumin með lögnum frá árinu 1783“; *Með álfum. Ævisaga flökkukonunnar Ingridar Eiríksdóttur frá Haga í Þingeyjarsýslu 1777–1857*, Reykjavík: Sögufélag, 2015, bls. 31.

<sup>61</sup> Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*, bls. 34.

<sup>62</sup> Guðmundur Jónsson, „Stjórntæki gamla samfélagsins aflögð“, bls. 68.

<sup>63</sup> Björn S. Stefánsson, „Forsendur og fyrirstaða nýsköpunar á 17. og 18. öld“, *Saga* 26/1988, bls. 131–151, hér bls. 138–139.

lausamenskubannið ætti handverksmönnum sem væru í landinu og ynnu með járn, kopar og tré, auk ullarspinnara, vefara og annarra, að vera heimilt að starfa fyrir bændur á daglaunum eða vikulaunum ef þeir hefðu vottorð sýslumanns upp á vasann.<sup>64</sup>

Þegar Vilhelm Vilhelmsson segir að „vandræði sagnfræðinga“ við afmörkun lausamanna sem þjóðfélagshóps líkist „orðræðu ráðamanna um málefnið á 17. og 18. öld“ gleymir hann því að árin 1720 og 1746 gerðu yfirvöld skýran greinarmun á lausamönnum og lausgöngurum.<sup>65</sup> Hugtökin runnu ekki saman fyrr en eftir 1783, þegar löglegir lausamenn voru strangt tekið ekki lengur til, jafnvel þótt boðið væri upp á undanþágur, eða jafnvel ekki fyrr en með instrúx fyrir hreppstjóra frá 1808 sem lagði allan ósóma að jöfnu: „Enginn hreppstjóri skal líða nokkurn landhlaupara eða lausagangara, ellegar nokkurt fólk í lausamennsku að heilu eða hálfu í hreppnum ... samkvæmt tilskipun frá 19. febrúar 1783.“<sup>66</sup> Opinber umræða var líka óbreytt og þráhyggjan söm við sig. Magnús Stephensen, Baldvin Einarsson, Tómas Sæmundsson og ýmsir minni spámenn töluðu allir eins. Samfélagið hafði ekki breyst og það sem Vilhelm réttilega nefnir „sjálffræðisöngun undirsáta“ var söm við sig.<sup>67</sup> Viðleitni yfirvalda gegn lausung og óreiðu var alveg jafn vonlaus. Hreppstjórainstrúxið ítrekaði gildandi löggjöf og næstu árin fjölgaði lausamenskumálum í réttarkerfinu. Það var þó sama fólkið sem sætti ofsóknum og áður, en aldrei einstaklingar sem spjörðu sig og gerðu ekkert annað af sér á meðan, eða með orðum Vilhelms: „Jafnvel ströngustu sýslumenn ... voru reiðubúnir að sjá í gegnum fingur sér með lausamenskubrot ef viðkomandi hafði reynst samfélaginu gagnlegur.“<sup>68</sup> Ísland var ekkert lögregluríki og atvinnuvegir landsins þróuðust á eigin forsendum, óháð því hvort yfirvöldum tókst eða tókst ekki að leggja hömlur á fámennan hóp fólks sem vildi vinna fyrir sér á eigin forsendum en hvorki í vinnumennsku né búskap.

<sup>64</sup> Hrefna Róbertsdóttir, „Samfélag átjándu aldar. Hugarfar, handverk og arfur fyrri alda“, *Saga* 49: 1/2011, bls. 53–103, hér bls. 77. Í framhaldinu greinir Hrefna frá því að ekki gæti leyfisveitinga til lausamennsku í Gullbringu- og Kjósarsýslu að minnsta kosti á síðustu árum aldarinnar. Sjá einnig umfjöllun hennar í *Wool and Society. Manufacturing Policy. Economical Thought and Local Production in 18th-century Iceland*, Gautaborg: Makadam, 2008, bls. 160–165, 179.

<sup>65</sup> Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 183.

<sup>66</sup> *Lovsamling for Island VII*, bls. 329; Yngvi Leifsson, *Flökkufólk*, bls. 25–26.

<sup>67</sup> Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 191–196, 257.

<sup>68</sup> Sama heimild, bls. 197.

*Vidauki*

## 1

Jón Sveinsson til rentukammers 14. september 1781<sup>69</sup>

## Pro memoria!

Siiden jeg kom til dette mig allernaadigst anfortroede syssel, haver jeg ikke uden største misfornøyelse underhaanden maattet erfare tienistefolkenes slette forhold og opførsel i mod deres husbönder, der ikke allene bestaae i utroeskab som tyvagtighed og dovenskab i det dem anbefalede arbeid, med meere, men endog hos adskillige i saa exemplarisk haardnakkenhed, der strækker sig saa vidt, at en tiener understaar sig lige i husbondens öyne at nægte ligefrem at foretage sig det arbeid som ham bliver tilsagt med sagtmodighed. Og da husbonden besværer sig over sligt, med nogle passende irettesættelser for tieneren, saa siger denne, at han ikke er forlegen at tiene ham længere, ham staae andre tienister aabne, hvor han beder kan nyde sin frihed. Dette kan og være sandt, thi adskillige bönder (som bekiendt er) kanske for at spare noget paa de aarlige tienistefolkes lön, ikke allene tilstaae deres tienistetyende for store mageligheder, men og tie ganske stille med deres daglige forbrydelser, hvor ved skeer at bonden i tiidens længde maa lade sig foreskrive regler af tienerne, samt forrette selv det sværeste arbeid, men overlade til hans folkes eget gotbefindende om de nu vil finde sig i at bestride det letteste. De bönder der i mod, som meer end andre vil holde over den her til lands ellers ringe hustugt, sættes ofte i største forlegenhed med at faa folk, og beholde siælden over et aar de tienistefolk som de med besværlighed kan erholde, da det heller ikke er uhört at nogle har forladet deres tieniste midt om sommeren.

Den allernaadigste forordning om hustugten i Island af 1746 giver vel en husbond frihed til at tugte hans tienstetyende ligesaafuldt som det vare hans egne börn, hvilken myndighed af alt for mange husfædre bliver forsömt og ikke brugt. Vanskilligt er det og for övrigheden at drive enhver bonde til at straffe et udydigt tienistetyende, naar bonden baade er uvillig der til og holder tienerens utroeskab og övrige laster saa hemmelige at de tidt og ofte ikke kommer til övrighedens ören. Slige folkes bestraffelse kand der for ikke altid betroes husfædrene med sikkerhed men maa ved övrigheden forrettes. Til at forebygge dette, saa vel for heele landet som for dette syssel, saa farlige onde, formener jeg underda-

<sup>69</sup> *BÍ. KA/29. Innkomin bréf 1781, örk 41: 14. september 1781.*

MÁR JÓNSSON

nigst at den her saa længe ventede politieforordning var yderlig nödvändig, som nöyagtigere end hid indtil skeet er, maatte bestemme sysselmændenes, præsterne og reppstiorernes pligter, den almindelige hustugt angaaende, thi uden at disse tre classer med fælles kræfter vaage over dens haandhævelse med alle muelige iver, er ingen ret orden eller forbedringer i denne saa ilde skiöttede hustugt for fremtiden at vente.

Eskefiord d. 14. september 1781.

Underdanigst af  
J. Svendsen

Til det kongelige Rentekammer

Rentukammer 14. og 30. mars 1782<sup>70</sup>*Skráning í bréfadagbók*

Sysselmand Jon Svendsen i Söndre-Mulesyssel beretter, at siden han kom til syselet haver han fornummet, hvorleedes hustugten der bliver slet overholdet, i det der i blandt tjenestetyende gaær i svang baade utroskab, dovenskap og opsætsighed i en meget høj grad, saa at husbönderne ofte nödes til at lade sig foreskrive regler af tieneren, eller og settes i yderste forlegenhed for tjenestefolk. Nogle bruge ikke den myndighed over deres tjenestefolk som forordningen af 1746 giver dem, og holde dissers utroskab og övrige laster skiult for övrigheden. Hvorfor han foreslaaer at den i forslag bragte politieanordning maatte jo för jo heller settes i værk og sysselmændene, saavel som præsterne og repstyrerne, blive indskierpet med fælles kræfter at vaage over hustugtens haandhævelse.

*Afgreiðslan 14. mars 1782*

Sysselmandens forestilling tilstilles amtmand Stephensen med skrivelse, at omendskiönt Cammeret staaer i den tanke at det paaklagede ikke saa meget reiser sig af mangel paa anordninger, som af mangel paa overholdelse af de der ere, og der i blandt af forordningen om huustugten, haver man dog ikke vildet undlade at tilsende ham dette med anmodning at meddeele sin betækning derover, hvorhos man dog maae mælde, at de nyelig fra det kongelige Danske Cancelli udfærdigede rescripter om denne sag meget ville tiene til at befordre dens overholdelse, naar underbetienterne ikke mangler alvorligen at paadrive samme og blive derudi af den højere övrighed understöttede.
